

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 24. nóvember 2011 í máli nr. S-1558/2011:

Ákærvaldið

(Sigríður Elsa Kjartansdóttir,

settur vararíkissaksóknari)

gegn

Redouane Naoui

(Oddgeir Einarsson hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var föstudaginn 4. nóvember 2011, er höfðað með ákæru útgefinni af ríkissaksóknara 5. október 2011 á hendur Redouane Naoui, kt. 000000-0000, Hverfisgötu 58, Reykjavík, fyrir manndráp með því að hafa, að kvöldi fimmtudagsins 14. júlí 2011, á veitingastaðnum Monte Carlo, Laugavegi 34, Reykjavík, veist að Hilmar Þóri Ólafssyni, kt. 000000-0000, með hnífi og stungið hann í hálsinn vinstra megin með þeim afleiðingum að slagæð fór í sundur og lést Hilmar Þórir hinn 26. júlí 2011 af völdum áverkanna.

Telst brot ákærða varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Af hálfu Mauren Önnu Puetzer og Bruno Puetzer, f.h. Nínu Ásdísar Hilmarsdóttur, kt. 000000-0000, er þess krafist að ákærði verði dæmdur til greiðslu bóta samtals að fjárhæð 5.084.927 krónur. Krafist er miskabóta að fjárhæð 4.000.000 króna og bóta vegna útfararkostnaðar að fjárhæð 456.874 krónur, eða samtals 4.456.874 krónur, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 26. júlí 2011 þar til mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfu, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Krafist er bóta fyrir missi framfæranda að fjárhæð 628.053 krónur, auk vaxta samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 frá 1. ágúst 2011 þar til mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfu, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins, eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi að viðbættum virðisaukaskatti á málflytningsspóknun.

Verjandi ákærða gerir þær kröfur að ákærði verði sýknaður af ákæru, en til vara að honum verði dæmd vægasta refsing er lög leyfa. Þá er krafist frávísunar

bótakröfu, en til vara er krafist lækkunar bótakröfu. Loks krefst verjandi hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins.

Málsatvik

Samkvæmt skýrslu lögreglu frá 14. júlí 2011 barst tilkynning klukkan 23:38 um að maður gengi berserksgang á veitingastaðnum Monte Carlo við Laugaveg í Reykjavík og hefði hann stungið mann í hálsinn. Er lögreglumenn komu á vettvang lá Hilmar Þórir Ólafsson slasaður á gólfi, rétt innan við anddyri. Var lögreglumönnum vísað á ákærða, sem viðstaddir sögðu hafa ráðist á Hilmar. Ákærði sat við spilakassavél innst inni í veitingasalnum, en á gólfinu skammt þar frá lá búrhlífur með svörtu skafti og löngu blaði. Kemur fram í skýrslunni að ákærði hafi verið í annarlegu ástandi og hafi ekki svarað spurningum lögreglumanna.

Ákærði var handtekinn og færður á lögreglustöð, þar sem hann gekkst undir réttarlæknisfræðilega skoðun. Var tekið blóðsýni úr ákærða klukkan 1:58 og þvagsýni strax á eftir. Samkvæmt matsgerð Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði, dagsettri 25. ágúst 2011, mældust 2,25‰ alkóhóls í blóði ákærða og 3,22‰ í þvagi. Í þvagi fundust amfetamín, kannabínóíðar og koffein. Tetrahýdrókannabínól í blóði mældist 2,1 ng/ml, en amfetamín var ekki mælanlegt í blóði. Segir að niðurstöður rannsóknarinnar bendi til þess að ákærði hafi verið undir áhrifum tetrahýdrókannabínóls þegar blóðsýni var tekið. Hann hafi einnig neytt amfetamíns, en ekki lengur verið undir áhrifum þess þegar blóðsýni var tekið. Styrkur alkóhóls í blóði og þvagi bendi til mikillar ölvunar,

Samkvæmt læknisvottorði Jóns Hai Hwa Sen, sérfræðings í almennum skurðlækningum, dagsettu 15. júlí 2011, var Hilmar Þórir Ólafsson fluttur með sjúkrabifreið á bráðamóttöku Landspítala og kom þangað laust eftir klukkan 1:00 um nóttina. Kemur fram að er sjúkraflutningamenn komu á vettvang hafi Hilmar legið í stórum blóðpolli og hafi hann ekki andað. Gerður hafi verið barkaskurður á staðnum og Hilmar barkaþræddur og „ventileraður“. Við komu á bráðamóttöku hafi Hilmar verið meðvitundarlaus, með mjög lágan blóðþrýsting og hraðan púls. Bæði sjáöldur hafi verið útvíkuð og lítið brugðist við ljósi. Stunguáverki hafi verið á hálsi, nánar tiltekið þriggja cm langur skurður vinstra megin á hálsinum, sem hafi fossblætt úr. Hilmar hafi verið gefið neyðarblóð og hafi hann við það lagast í lífsmörkum. Hann hafi síðan verið fluttur á skurðstofu til bráðaaðgerðar. Í niðurlagi vottorðsins kemur fram að um lífshættulegan áverka væri að ræða og ekki hægt að segja til um hvort Hilmar hefði hlotið varanlegan heilaskaða.

Meðal gagna málsins er útdráttur úr sjúkraskrá Hilmars Þóris Ólafssonar þar sem lýst er aðgerð sem hann gekkst undir aðfaranótt 15. júlí. Kemur fram að innri hálsslagæð hafi verið skorin u.þ.b. 2 cm fyrir ofan greiningu og hafi hún verið skorin í gegn að þremur fjórðu hlutum. Var slagæðin lagfærð með saumi. Samkvæmt gögnum gjörgæsludeildar frá 19. júlí leiddi myndataka í ljós umfangsmikið drep á dreifingarsvæði vinstri miðju slagæðar í heilahimnu, ásamt altækri blóðþurrð í heila. Var Hilmar fluttur á líknardeild í kjölfarið. Eftir skoðun 22. júlí er skráð að sjúklingur sé nær því í dauðadái. Hann búi við víðtækar, óafturkræfar heilaskemmdir og óvirka stöðu. Verði honum eingöngu veitt

líknar meðferð. Samkvæmt vottorði Valgerðar Sigurðardóttur, yfirlæknis á líknardeild, lést Hilmar hinn 26. júlí.

Andrea Dettling meinafræðingur annaðist réttarkrufningu á líki Hilmars hinn 27. júlí og liggur fyrir skýrsla hennar um krufningu. Í kafla undir fyrirsögninni hauskúpuhol kemur m.a. eftirfarandi fram: „Í vinstra heilahveli aftan til nálægt sjónberki er svæði um það bil 2 sm þar sem börkurinn er ekki almennt séð afmarkaður af hvítu efni. Á því svæði er heilinn mýkri og ákveðin blæðing umhverfis. Hún er um það bil 2 sm að lengd, 1 sm að breidd og 1 sm að hæð. Botnhnoð er reglulega uppbyggt. Á vinstri hlið nálægt miðjubotnhnoði er annað fleigdrepp sem mælist um það bil 3 sm, þar sem heilinn hefur mýkst og nokkur blæðing er umhverfis.“ Í kafla um líffæri í hálsi og brjóstholi segir eftirfarandi: „Innri grein hálsslagæðar sýnir láréttan skurð sem gengur nær því gegnum alla slagæðina. Honum er lokað með hvítum þræði. Skurðurinn er um það bil 1 sm fyrir ofan þann stað sem æðin skiptist.“ Þá kemur fram að lungnaberkja innihaldi dauflitt gulhvítt slím. Niðurstöður krufningar eru skráðar berkjulungnabólga, láréttur skurður í innri grein vinstri slagæðar eftir handlækningasaum og fleygdrepp í vinstra heilahvolfi, einkum í aftari hlutum. Í niðurlagi skýrslunnar kemur eftirfarandi fram: „Dánarorsökin er berkjulungnabólga. Ekki verður betur séð en að berkjulungnabólga þessi sé afleiðing nokkuð langs sjúkrahúsvalartíma sem nemur 1½ viku. Sjúkrahúsdvölin var nauðsynleg vegna skurðarins í innri hálsslagæð. Eftir því sem best er vitað er áverkni á slagæðinni afleiðing hnífstunguárásar. Þar sem tengsl eru á milli árásarinnar og andlátsins er dánarorsökin ekki af eðlilegum orsökum.“

Meðal gagna málsins eru upptökur úr öryggismyndavél veitingastaðarins Monte Carlo frá 14. júlí 2011. Á myndskaiði, sem hefst klukkan 23:26, sjást ákærði og Hilmar Þórir Ólafsson í eldhúsi veitingastaðarins. Hilmar situr við borð, en ákærði sest hjá honum og virðast þeir ræða saman. Fljótlega rís ákærði á fætur og virðist koma til einhverra stympinga á milli þeirra, en maður sem sést koma inn um dyrnar grípur inn í og snýr ákærða niður. Á myndskaiði, sem hefst klukkan 23:43, sést ákærði koma inn á veitingastaðinn og sýnast þeir Hilmar eiga orðaskipti. Þá sést hvar starfsstúlka á veitingastaðnum gengur á milli þeirra og virðist reyna að bægja ákærða í átt að útidrym. Sést ákærði síðan stökkva fram hjá konunni og leggja til Hilmars. Lendir lagið vinstra megin á hálsi Hilmars, sem fellur niður í kjölfarið. Á myndskaiði sem hefst klukkan 23:44:44 sést ákærði ganga inn eftir veitingasalnum að eldhúsi, þar sem hann snýr sér að tveimur mönnum sem þar eru við spilakassa. Annar mannanna tekur upp stól og kastar í ákærða. Í kjölfarið verður atgangur á milli mannanna þriggja og virðist ákærði liggja á gólfinu þegar yfir lýkur. Rétt er að taka fram að athugun lögreglu leiddi í ljós að klukka sem tengdist eftirlitsmyndakerfinu var um 6 mínútum á undan rauntíma.

Vitni sem lögregla ræddi við báru að ákærði hefði yfirgefið veitingastaðinn í kjölfar atviksins í eldhúsinu. Samkvæmt útreikningum lögreglu, miðað við framangreindar tímasetningar, liðu um 15 mínútur frá því ákærði yfirgaf veitingastaðinn þangað til hann sneri þangað aftur. Í skýrslu Erlendar Ingvarssonar rannsóknarlögreglumanns frá 15. júlí sl. kemur fram að hann hafi rætt við Tabit Lakhdar, kunningja ákærða, sem hefði skýrt frá því að hann hefði rætt við ákærða í síma um klukkan 23:00 kvöldið áður og hafi ákærði þá sagst vera í vandræðum og yrði líklega hægt að hitta hann næst á lögreglustöð. Athugun lögreglu leiddi í ljós að hringt hefði verið tvívegis úr síma, sem talið var að Tabit hefði fengið að láni, í síma ákærða. Var

fyrri símtalið klukkan 23:32 og varði í 62 sekúndur, en hið síðara klukkan 23:34 og varði í 29 sekúndur. Vitnið Tabit kom ekki fyrir dóm við aðalmeðferð málsins.

Lögregla lagði hald á hnífinn sem fannst á vettvangi. Reyndist vera um að ræða búrhníf með bjúgblaði, smátenntan á annarri hliðinni. Hnífurinn mældist 25,8 cm á lengd, hnífsblaðið 12 cm á lengd og skeftið 13,8 cm. Hnífsblaðið var breiðast við skeftið, 3 cm. Hnífurinn vó 49,8 g. Blóðkám var frá oddi og 4,5 cm inn á hnífsblaðið. Engin fingraför fundust á hnífnum.

Sýni, sem tekin voru úr bletti á skyrtu ákærða og af hnífsblaði, gáfu jákvæða svörun sem blóð og voru send til DNA-samanburðarrannsóknar við Statens Kriminalteknisk Laboratorium í Svíþjóð. Samkvæmt greinargerð rannsóknastofunnar, dagsettri 8. september 2011, reyndust tvö sýni sem tekin voru úr skyrtunni hafa sama DNA-snið og var það snið hið sama og DNA-snið Hilmaris Þóris Ólafsonar. Sama niðurstaða var um DNA-snið sýnis sem tekið var af hnífsblaði.

Í málinu liggja fyrir ljósmyndir sem lögregla tók að Laugavegi 51, en ákærði dvaldist um þær myndir í herbergi sem kunningi hans, fyrrnefndur Tabit Lakhdar, hafði á leigu í húsinu. Í sameiginlegu eldhúsi, sem íbúar í húsinu höfðu aðgang að, reyndist vera skúffa með þremur hnífum, sömu gerðar og sá sem lögregla lagði hald á á brotavettvangi. Um var að ræða hnífasett með fjórum hnífum, sem verslunin IKEA hafði til sölu, en samkvæmt framansögðu vantaði einn hníf í settið sem fannst á dvalarstað ákærða.

Ákærði gekkst undir geðheilbrigðisrannsókn hjá Sigurði Páli Pálssyni geðlækni og er skýrsla vegna rannsóknarinnar dagsett 12. september 2011. Í niðurlagi skýrslunnar er að finna svohljóðandi samantekt geðskoðunar og viðtala við ákærða:

1. Engin merki um alvarlegar geðraskanir komu fram í viðtölum.
2. Redouane er eðlilega leiður og sér eftir því sem hann gerði, en ber sig samt vel.
3. Redouane er eðlilega gefinn.
4. Redouane var undir miklum áhrifum áfengis og einhverjum eiturlyfjaáhrifum á verknaðardegi.
5. Redouane er með örugga sögu um að missa stjórn á drykkju sinni síðustu ár.
6. Redouane hefur sögu um að missa stjórn á sér og verða reiður ef talað er niður til hans. Auk þess hefur hann sögu um að á hann hefur verið ráðist áður og í neyslu er hugsanlegt að slíkt endurupplifist og geti valdið heiftarlegum viðbrögðum, við neikvætt tal til hans.
7. Redouane er með sögu um að drekka mikið magn af áfengi á stuttum tíma og geta farið í óminnisástand.
8. Í grunninn og þegar Redouane hefur verið edrú í lengri tíma virðist hann geðþekkur maður án nokkurra sýnilegra alvarlegra persónuleikavandamála.

Í niðurstöðukafla skýrslunnar segir eftirfarandi:

1. Það er niðurstaða mín að Redouane sé örugglega sakhæfur.
2. Þegar verknaðurinn var framinn er hann örugglega mikið ölvaður auk einhverra eiturlyfja lyfhrifa. Þetta virðist vera stærsti orsakavaldur atburðarins. Redouane á einnig til að reiðast sé talað niður til hans og þá

- missa stjórn á skapi sínu.
3. Redouane hefur sögu um áfengissýki og eiturflyfja misnotkun. Hann er þegar fyrir atburðinn farinn að fá tímabil óminnis undir áhrifum áfengis.
 4. Grunnpersónuleiki Redouane er ekki auðmetinn, en ekkert bendir þó til alvarlegra persónuleika bresta eða siðblindu í upplagi hans. Engin merki eru um heilaskaða eða greindarskort sem eru af þeirri gráðu að þau fyrri hann ábyrgð gerða sinna.
 5. Hugsanlega geta fyrri áföll hafa haft áhrif á dómgreind Redouane á verknaðarstundu.
 6. Redouane iðrast eðlilega gerða sinna og virðist nú vera staðráðinn í að byggja líf sitt upp að nýju.
 7. Ljóst er að Redouane þolir fangelsisvist og ætti að geta nýtt sér umhverfi þess á réttan hátt til þess að bæta sig.

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða og vitna við aðalmeðferð málsins.

Ákærði neitar sök. Hann kvaðst ekki muna hvað átti sér stað á veitingastaðnum í umrætt sinn. Þá kvaðst hann ekki muna eftir að hafa átt samskipti við Hilmar Þóri Ólafsson þetta kvöld. Hann gaf þá skýringu á minnisleysi sínu að hann hefði verið undir áhrifum áfengis. Hann hefði drukkið mikið áfengi um kvöldið, m.a. landa. Hann kvaðst muna eftir því að hafa verið í grillveislu á veitingastaðnum. Næst myndi hann eftir sér á lögreglustöð eftir að hafa verið handtekinn. Hann kvaðst ekki hafa þekkt Hilmar, en þó hafa séð hann áður. Þá kvaðst hann hvorki minnst þess að hafa neytt fíkniefna þetta kvöld né að hafa falast eftir fíkniefnum af Hilmar.

Ákærði kvaðst ekki minnst þess að hafa farið að Laugavegi 51 þetta kvöld. Þá kvaðst hann ekki minnst þess að hafa verið í símasambandi við Tabit Lakhdar, sem hafði til umráða herbergi í húsinu sem ákærði fékk að dveljast í. Hann kvaðst aðeins hafa notað aðstöðu í sameiginlegu eldhúsi í húsinu til að hita sér te á morgnana. Þá kvaðst hann ekki kannast við hníf sem haldlagður var á veitingastaðnum og ekki vita til þess að sambærilega hnífa væri að finna í eldhúsi á dvalarstað hans. Hann hefði aldrei notað hnífa þar.

Ákærða voru sýnd myndskreið úr upptökum úr öryggismyndavél á veitingastaðnum og kvaðst hann þekkja sjálfan sig þar. Hann kvaðst hins vegar ekki muna atvik sem upptökurnar sýndu.

Vitnið *Álfhildur Eygló Andrésdóttir* kvaðst hafa verið við vinnu sína á veitingastaðnum þetta kvöld, þegar slagsmál urðu milli ákærða og Hilmars inni í eldhúsi. Þeir hefðu verið skildir að og hefði Hilmar sagt henni að erjur þeirra hefðu stafað af því að ákærði hefði beðið hann um fíkniefni, sem hann hefði annaðhvort ekki átt eða ekki viljað láta ákærða fá. Ákærði hefði rokið út af veitingastaðnum eftir þessi átök, en vitnið kvaðst hafa reynt að róa Hilmar niður. Hún hefði síðan snúið til baka til vinnu sinnar við barinn. Þá hefði hún séð ákærða koma aftur inn á veitingastaðinn, en Hilmar hefði staðið við borð frammi í veitingasalnum. Hún kvaðst hafa stokkið fram og öskrað á ákærða að drífa sig út. Einhver orðaskipti hefðu orðið á milli ákærða og Hilmars sem hún hefði ekki heyrt og hefði Hilmar hörfað frá ákærða. Vitnið kvaðst hafa tekið um axlir ákærða og reynt að róa hann,

en hún hefði þá snúið baki í Hilmar. Hún hefði byrjað að ýta ákærða hægt og rólega aftur á bak og reynt að tala hann til. Þá hefði ákærði sagt: „No. This isn't over yet“, farið mjög snögglega fyrir vinstri hlið hennar og veist að Hilmari. Hún hefði ekki séð að ákærði væri með hníf og ekki snúið sér nægjanlega snögg við til að sjá hann stinga Hilmar. Hún hefði haldið í fyrstu að hann hefði sparkað í Hilmar, sem hefði gripið um hálsinn. Ákærði hefði síðan hlaupið inn ganginn með hægri hönd á lofti í átt að Tomasz Jablecki og Eiríki Harry Ragnarssyni, sem sátu innst í salnum við spilakassa. Rósa Stefánsdóttir, sem var við vinnu sína við barinn, hefði hrópað viðvörunarorð um að ákærði væri með hníf og hefðu Tomasz og Eiríkur yfirbugað ákærða. Hún kvaðst hafa hringt á Neyðarlínuna og hefði hún séð Hilmar hníga niður á meðan á símtalinu stóð.

Vitnið *Kristín Svafarsdóttir* kvaðst hafa verið ásamt Hilmari utan við veitingastaðinn fyrir um kvöldið þegar ákærða hefði borið að og hefði hann viljað kaupa „gras“ af Hilmari, sem hefði neitað að láta hann fá fikniefni nema hann fengi greiðslu fyrir. Ákærði hefði farið að þrasa um að fá lánað, en Hilmar staðið fast á sínu. Þau hefðu síðan farið inn á Langabær og hefði komið til orðaskipta á milli ákærða, Hilmars og fleiri manna í bakherbergi. Um 10 mínútum síðar hefði vitnið verið að spjalla við Hilmar við útidyr veitingastaðarins þegar ákærði hefði komið þar inn. Hann hefði reitt höndina til höggs og hefði hún talið að hann ætlaði að kýla Hilmar og stokkið frá til að verða ekki á milli. Ákærði hefði verið með krepptan hnefa og hefði hún séð skefti standa þar uppúr. Hann hefði síðan stungið Hilmar í hálsinn. Vitnið kvaðst hafa farið að hlúa að Hilmari, en honum hefði blætt mikið. Hann hefði misst meðvitund, hætt að anda og blánað. Vitnið svaraði því aðspurð að Hilmar hefði einnig verið með hníf þetta kvöld. Það hefði verið tenntur hnífur, ekki venjulegur vasahnífur.

Vitnið *Steinunn Dúa Grímsdóttir* kvaðst hafa staðið í dyragætt veitingastaðarins og verið að reykja þegar ákærði kom þar inn og fór að rífast við Hilmar. Hefði Álfhildur staðið á milli þeirra og sagt þeim að hætta að rífast. Þá hefði ákærði stokkið fram fyrir Álfhildi og stungið Hilmar. Hún tók fram að hún hefði ekki séð að ákærði stakk Hilmar, heldur hefði hún séð handarhreyfingu eins og hann hefði kýlt hann. Hún hefði staðið beint fyrir framan þá þegar þetta gerðist. Hún hefði ekki áttað sig strax á því hvað þetta var alvarlegt, en síðan séð að vitnið Kristín var að reyna að láta Hilmar setjast og að það spýttist blóð frá honum. Þær Kristín hefðu lagt Hilmar niður og kvaðst vitnið hafa haldið um sárið. Hann hefði síðan misst meðvitund og hætt að anda. Vitnið kvað ákærða hafa gargað á Hilmar rétt áður en hann stakk hann: „I have another plan for him.“ Ákærði hefði horft á Hilmar, miðað hann út og stungið hann svo. Hún kvaðst hafa séð að ákærði var með hníf þegar hann hljóp inn eftir veitingastaðnum eftir að hafa stungið Hilmar. Hann hefði haldið á hnífnum í hægri hendi.

Vitnið *Rósa Stefánsdóttir* var við vinnu á veitingastaðnum þetta kvöld. Hún kvað slagsmál hafa orðið á milli ákærða og Hilmars inni í eldhúsi veitingastaðarins og hefði hún gengið á milli þeirra. Ákærði hefði þá farið út af staðnum, en hún farið að afgreiða á barnum. Hún kvaðst síðan hafa séð ákærða koma inn aftur og hefði hún séð að hann hélt á einhverju í hendinni. Hún hefði ekki verið viss um hvað það var sem ákærði hélt á, en hann hefði sett það í hálsinn á Hilmari, sem hefði tekið um hálsinn „og spýttist allt út á milli.“ Síðar hefði hún séð að þetta var hnífur sem ákærði hélt á í hendinni. Hann hefði stungið Hilmar eins og hann væri að fara að kýla hann. Ákærði hefði síðan hlaupið inn eftir veitingastaðnum, en hann

hefði áður „verið í veseni“ við fleiri gesti á veitingastaðnum. Hún kvaðst hafa hlaupið á eftir honum, en menn á staðnum hefðu náð að yfirbuga hann og hefði hann legið í roti á eftir. Vitnið lýsti því að ákærði hefði haft höndina niðri þegar hann kom inn á veitingastaðinn. Hann hefði verið með krepptan hnefa og hún hefði séð svart handfang standa upp úr hnefanum. Hún hefði ekki séð hnífsblaðið. Henni hefði fundist eins og ákærði væri að fara að kýla Hilmar með hnefanum, handarhreyfingin hefði verið þannig. Þegar hún sá blóðið hefði hún áttað sig á að það var hnífur sem ákærði hélt á. Hún hefði síðan séð hnífinn á gólfinu eftir að ákærði hafði verið yfirbugaður.

Vitnið *Pétur Óli Einarsson* kvaðst hafa staðið við barinn þegar ákærði kom inn og hefðu þeir Hilmar rifist frammi í anddyri. Hilmar hefði síðan fært sig nær barnum, en þá hefði ákærði komið að og kýlt hann í hálsinn vinstra megin. Hilmar hefði gripið um hálsinn og kvaðst vitnið hafa spurt hann hvað væri að, en þá hefði blóð farið að spýst út um allt og hefði Hilmar fljótlega fallið niður. Ákærði hefði hins vegar hlaupið inn eftir ganginum. Vitnið kvaðst ekki hafa séð hníf í hendi ákærða.

Vitnið *Skúli Helgi Skúlason* lýsti því að einhver „skætingur“ hefði verið á milli ákærða og Hilmars fyrr um kvöldið, en ekki kvaðst hann vita um hvað þeir voru að rífast. Hann hefði snúið baki í ákærða og Hilmar þegar ákærði kom aftur inn á veitingastaðinn og ekki séð atlöguna. Þegar hann sneri sér við hefðu stúlkurnar verið að hlúa að Hilvari. Vitnið tók fram að Hilmar hefði sjálfur verið með hníf þetta kvöld og hefði hann verið að sýna hann á veitingastaðnum. Hann hefði hins vegar ekki séð að Hilmar ógnaði neinum með hnífnum.

Vitnið *Eiríkur Harry Ragnarsson* kvaðst hafa verið staddur innst inni í veitingasalnum við spilakassa, sem þar eru, og hefði Tomasz Jablecki, vinur hans, verið við hlið hans. Hann hefði heyrt læti og einhver hefði öskrað: „Hann er með hníf.“ Ákærði hefði komið aðvífandi og veist að Tomaszi og taldi vitnið að hann hefði ætlað að stinga Tomasz. Þeim hefði hins vegar tekist í sameiningu að stöðva ákærða, sem hefði rotast í viðureigninni. Vitnið kvaðst hafa heyrt einhver læti í reykerberginu fyrr um kvöldið og hefði hann séð ákærða rjúka út með látum. Hann kvaðst ekki vita hvers vegna þeir Hilmar voru að rífast þar inni. Hann kvaðst hafa séð til ákærða og Hilmars eftir að ákærði kom inn á veitingastaðinn aftur og hefðu þeir þá staðið við útidyrnar. Ákærði hefði hreyft höndina eins og hann væri að kýla Hilmar. Hann hefði talið að slagsmál væru að upphafjast, en þá hefði Hilmar hnigið niður.

Vitnið *Guðjón Hróar Óskarsson* kvaðst hafa setið í skoti innst í veitingasalnum þegar hann hefði séð „lítinn kall“ koma hlaupandi inn eftir salnum með hníf í hendinni og hefði einhver öskrað: „Hann stakk hann.“ Honum hefði fundist eins og þessi maður sem var með hnífinn í hendinni væri að leita að einhverjum. Hann hefði hlaupið inn í eldhús, en komið fram aftur og verið sleginn niður.

Vitnið *Jón Hai Hwa Sen*, sérfræðilæknir á bráðamóttöku Landspítala, kvað Hilmar hafa verið „útbledan“ við komu á sjúkrahús og hefði hann „varla haldið uppi blóðþrýstingi“. Sjáöldur hefðu verið útvíkkuð og ekki brugðist við ljósáreiti, sem hafi verið til marks um að heili hefði orðið fyrir súrefnisskort. Skurður vinstra megin á hálsi Hilmars hafi verið nægilega djúpur til að skera í sundur

hálsslagæðina, sem benti til þess að stungið hafi verið, en ekki skorið. Vitnið kvað skurð ekki þurfa að vera meira en tveggja til þriggja cm djúpan til að skera í sundur hálsslagæð hjá grönnum einstaklingi.

Vitnið *Kristinn Sigvaldason*, yfirlæknir á gjörgæsludeild Landspítala, gerði grein fyrir því að Hilmar hefði verið lagður inn á deildina aðfaranótt hins 15. júlí eftir að hafa gengist undir skurðaaðgerð þar sem gert var að áverka á hálsi. Hilmar hafi verið haldið sofandi og hann hafður í öndunarvél þar sem hann hafi haft mikla bólgu í hálsi og óvissa verið um ástand hans. Reynt hefði verið að vekja Hilmar þegar liðinn var sólarhringur frá komu hans á deildina, en það hefði ekki tekist. Í kjölfarið hefði hann gengist undir segulómskoðun og tölvusneiðmyndir verið teknar af heila. Hefði það verið niðurstaða rannsóknarinnar að Hilmar hefði hlotið mjög miklar heilaskemmdir sökum súrefnisskorts. Hann hefði verið tekinn úr öndunarvél, en ekki vaknað og ekki komið til meðvitundar aftur. Vitnið kvað áverka sem Hilmar hlaut hafa verið lífshættulega og hefði hann dáíð á vettvangi, ef hann hefði ekki fengið aðhlyningu sjúkraliðs þar. Hann hefði orðið fyrir súrefnisskortri áður en hann fékk þá aðhlyningu. Eftir að ljóst var að hann hefði hlotið svo víðtækan heilaskaða hafi verið ljóst að hann myndi ekki koma aftur til meðvitundar og honum hafi ekki verið hugað líf. Þetta hafi legið fyrir tveimur sólarhringum eftir að hann hlaut áverkann, þegar tölvusneiðmyndir af heila lágu fyrir og taugasérfræðingur hafði metið ástand hans. Vitnið kvað berkjulungnabólgu vera vel þekkt afleiðingu þess að sjúklingur nái ekki að anda nægilega vel. Hilmar hafi haft minnkaða heilastarfsemi og aðeins náð grunnöndun, sem dugi ekki til að halda lífi lengi. Það leiði til þess að slím safnist fyrir í lungum sem ekki næst að hreinsa burt. Þetta sé vel þekkt hjá sjúklingum sem hafa orðið fyrir víðtækum heilaskemmdum og endi þeir yfirleitt ævi sín með lungnabólgu. Útdráttur úr sjúkraskrá brotþola 22. júlí var borinn undir vitnið, þar sem eftirfarandi var skráð um ástand sjúklings að aflokinni skoðun: „Vítækar og óafturkræfar heilaskemmdir og óvirk staða. Eingöngu líknarmeðferð.“ Vitnið kvað heilastarfsemi að mestu hafa verið horfna þegar þarna var, aðeins hafi verið einhver grunnstarfsemi að verki, sem hafi viðhaldið öndun. Hilmar hafi verið færður á líknardeild þegar þetta lá fyrir.

Vitnið *Andrea Dettling* réttarmeinafræðingur gerði grein fyrir niðurstöðum krufningar. Vitnið kvað berkjulungnabólgu hafa verið dánarsök Hilmars. Þá hefði verið láréttur skurður í innri hálsslagæð og fleygdrep í vinstra heilahveli. Sýkingu í lunga mætti rekja til langvarandi sjúkralegu vegna skurðarins í hálsslagæð. Þannig væru orsakatengsl á milli áverka Hilmars og dauða hans. Vitnið kvað berkjulungnabólgu vera algengan fylgikvilla þess að öndunarslöngu væri komið fyrir, en sýking í lungum geti einnig stafað af því að sjúklingur andi ekki nægilega. Fleygdrep í heila orsakist af súrefnisskortri, en innri hálsslagæðin flytji blóð og með því súrefni til vinstri hluta heilans. Áverkinn á heila sé því afleiðing áverkans á hálsslagæðinni. Vitnið fjallaði almennt um hugsanlegar afleiðingar fleygdreps í heila, en sagði erfitt að segja til um hvað hefði orðið um sjúklinginn ef hann hefði ekki fengið lungnabólgu. Hún kvað áverka á heila hafa getað orsakað heiladauða og þróunin gæti hafa verið í þá átt að heilinn gæti ekki starfað áfram. Hún hefði ekki getað séð það við skoðun heila í smásjá hvort ástand Hilmars hefði verið þannig að hann teldist heiladaður. Það eina sem hún gæti staðfest væri að hann hefði verið með fleygdrep í heila. Það væri á færi lækna sem önnuðust klínískar rannsóknir á Hilmar á meðan hann var á lífi að meta ástand hans að öðru leyti.

Vitnið *Kristín Magnúsdóttir*, deildarstjóri Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði, kom fyrir dóminn og gerði grein fyrir niðurstöðum rannsóknar á blóð- og þvagsýnum sem tekin voru frá ákærða. Vitnið kvað styrk alkóhóls í blóði ákærða á verknaðarstundu hafa verið a.m.k. 2,6%. Hann hefði því verið mjög ölvaður og undir áhrifum tetrahýdrókannabínóls.

Vitnið *Sigurður Páll Pálsson* geðlæknir gerði grein fyrir niðurstöðum geðheilbrigðisrannsóknar ákærða. Vitnið kvað ákærða hafa borið við óminni og væri það alveg hugsanlegt miðað við það sem lægi fyrir um vímuáhrif hans. Þá sé bæling á minni þekkt hjá einstaklingum sem lenda í hrikalegum aðstæðum, að þeir meðvitað eða ómeðvitað vilji ekki muna of mikið vegna þess að það sé svo erfitt.

Þá kom *Erlendur Ingvar Jónsson* rannsóknarlögreglumaður fyrir dóminn og gerði grein fyrir lögreglurannsókn málsins. Ekki eru efni til að rekja framburð vitnisins.

Niðurstaða

Ákærði neitar sök og ber við minnisleysi sökum ölvunar. Rakinn hefur verið framburður vitna sem voru á veitingastaðnum kvöldið sem um ræðir, auk þess sem fyrir liggja upptökur úr öryggismyndavél veitingastaðarins. Af þeim sönnunargögnum verður ráðið að ákærði hafi komið inn á veitingastaðinn, sem hann hafði yfirgefið eftir að hafa lent í deilum við Hilmar Þóri Ólafsson fyrr um kvöldið. Á myndbandsupptöku sést ákærði veitast að Hilmar og leggja til hans með hnífi vinstra megin í háls. Hafa vitni jafnframt borið um atlöguna og að Hilmar hafi þegar blætt mikið. Hann hafi fljótlega misst meðvitund og öndun stöðvast. Samkvæmt lækni- og fræðilegum gögnum sem liggja fyrir hlaut Hilmar stunguáverka á háls og skurð á innri hálsslagæð, sem leiddi til mikils heilaskaða vegna súrefnisshorts. Niðurstaða krufningar var sú að banamein Hilmars væri berkjulungnabólga. Kom fram hjá vitninu Kristni Sigvaldasyni yfirlækni að fljótlega hafi verið ljóst að Hilmar myndi ekki komast til meðvitundar og að honum hafi ekki verið hugað líf. Þá sé berkjulungnabólga algeng afleiðing skertrar heilastarfsemi, sem hafi áhrif á öndun.

Samkvæmt niðurstöðu DNA-samanburðarrannsóknar var blóð Hilmars á hníf, sem lögregla lagði hald á á vettvangi, en sams konar hnífar fundust í eldhúsi á dvalarstað ákærða. Er ótvírætt að ákærði notaði hnífinn til verknaðarins. Þótt ákærði hafi farið út af veitingastaðnum um tíma, og veist að Hilmar eftir að hann sneri til baka, þykir ekki fullsannað að hann hafi farið að heimili sínu og sótt hnífinn í þeim tilgangi að vega Hilmar. Verður við það miðað að ásetningur til að stinga Hilmar með hnífi hafi myndast hjá ákærða eftir að hann kom inn á veitingastaðinn á ný og hitti Hilmar þar fyrir. Ákærði stakk Hilmar með hnífi í háls. Var atlagan stórhættuleg og hlaut ákærða að vera ljóst að langlíklegast væri að hún myndi leiða til dauða. Hefur ákærði gerst sekur um þá háttsemi sem í ákæru greinir og varðar við 211. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði er fæddur árið 1972. Sakaferill hans hefur ekki áhrif á refsingu. Ákærði hafði ákveðinn ásetning til verksins. Hann veittist hiklaust að Hilmar, þrátt fyrir að Álfhildur Eygló Andrésdóttir gengi á milli þeirra og reyndi að bægja

honum frá. Þykir ákærði ekki eiga sér málsbætur. Samkvæmt framansögðu og með vísan til 1., 2., 3., 6. og 7. tölul. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 16 ár. Með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga kemur gæsluvarðhald sem ákærði hefur sætt frá 15. júlí 2011 til frádráttar refsingu.

Af hálfu Mauren Önnu Puetzer og Bruno Puetzer, fyrir hönd Nínu Ásdísar Hilmarsdóttur, er krafist skaðabóta úr hendi ákærða að fjárhæð 5.084.927 krónur auk vaxta.

Í fyrsta lagi er krafist miskabóta að fjárhæð 4.000.000 króna. Bótakrefjandi er dóttir Hilmars Þóris Ólafssonar. Enginn vafi leikur á því að ákærði hefur með broti sínu valdið stúlkunni gríðarlegum miska. Hún hefur misst föður sinn með voveiflegum hætti, en fram er komið að móðir hennar er einnig látin. Þykja miskabætur hæfilega ákveðnar 2.000.000 króna.

Í öðru lagi er krafist bóta vegna útfararkostnaðar að fjárhæð 456.874 krónur. Krafan er studd viðhlítandi gögnum og verður hún dæmd eins og hún er fram sett.

Í þriðja lagi er krafist bóta fyrir missi framfæranda að fjárhæð 628.053 krónur. Krafan er miðuð við lágmarksmeðlag samkvæmt ákvörðun Tryggingastofnunar á þeim tíma er bótakrafa var höfð uppi, eða 21.657 krónur á mánuði, uns bótakrefjandi nær 18 ára aldri. Verður krafan dæmd eins og hún er fram sett.

Samtals er ákærða gert að greiða bótakrefjanda 3.084.927 krónur, sem beri vexti sem í dómsorði greinir.

Þá verður ákærði dæmdur til að greiða 272.963 krónur í málskostnað, vegna lögmannsaðstoðar við að halda kröfunni fram, að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ákærði verður dæmdur til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Oddgeirs Einarssonar héraðsdómslögmanns, 941.250 krónur, og þóknun verjanda síns á rannsóknarstigi málsins, Sigmundar Hannessonar hæstaréttarlögmanns, 351.400 krónur. Við ákvörðun þóknunar lögmannna hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Ákærði greiði 1.007.100 krónur í annan sakarkostnað.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Sigríður Elsa Kjartansdóttir, settur vararíkissaksóknari.

Málið dæmdu héraðsdómararnir Ragnheiður Harðardóttir, sem dómsformaður, Allan V. Magnússon og Arngrímur Ísberg.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Redouane Naoui, sæti fangelsi í 16 ár. Gæsluvarðhald ákærða frá 15. júlí 2011 kemur til frádráttar refsingu.

Ákærði greiði Nínu Ásdísi Hilmarsdóttur 3.084.927 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 af 2.456.874 krónum frá 26. júlí 2011, en samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 af 628.053 krónum frá 1. ágúst 2011, í báðum tilvikum til 26. september 2011, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags, og 272.963 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Oddgeirs Einarssonar héraðsdómslögmanns, 941.250 krónur, og þóknun verjanda síns á rannsóknarstigi málsins, Sigmundar Hannessonar hæstaréttarlögmanns, 351.400 krónur. Ákærði greiði 1.007.100 krónur í annan sakarkostnað.

Ragnheiður Harðardóttir

Allan V. Magnússon

Arngrímur Ísberg